

## A U G L Ý S I N G

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskráinnar.

*Forsætisráðuneytið, 9. nóvember 1988.*

**Steingrímur Hermannsson.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*

## A U G L Ý S I N G

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 19. nóvember 1988.*

**Steingrímur Hermannsson.**

---

*Guðmundur Benediktsson.*

## L Ö G

**um breyting á lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972.**

### **FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Félagið starfrækir íþróttagetraunir, en með íþróttagetraunum er átt við að á þar til gerða miða, getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til að gefa út, eru merkt væntanleg úrslit íþróttakappleikja, íþróttamóta.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Að minnsta kosti 40% af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. desember 1988.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Halldór Ásgrímsson.*